

Alþingi
Erindi nr. P 136/789
komudagur 26.1.2009



Sjúkratryggingar
Íslands

Nefndasvið Alþingis
Heilbrigðisnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 23. janúar 2009

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um sjúkraskrár, 170. mál, heildarlög

Vísað er til erindis heilbrigðisnefndar Alþingis dags. 16. janúar 2009 þar sem óskað er eftir umsögn Sjúkratrygginga Íslands um frumvarp til laga um sjúkraskrár, 170. mál, heildarlög.

Sjúkratryggingar Íslands (SÍ) telja tvímælalaust að verði frumvarpið að lögum muni það í senn auka öryggi sjúklinga og hagkvæmni í heilbrigðisþjónustunni.

SÍ leyfa sér að vekja athygli á því að ekki er ótvírætt að ákvæði frumvarpsins nái yfir umfangsmiklar heilsufarsupplýsingar í vörslu stofnunarinnar, sem alflað er til ákvörðunar og greiðslu hinna ýmsu bóta. Stofnunin telst ekki vera heilbrigðisstofnun og ef tekið er mið af skilgreiningu frumvarpsins á sjúkraskrárupplýsingum má sem dæmi ætla að sérfræðiálit sem SÍ aflar vegna umsókna er varða sjúklingatryggingu séu sjúkraskrárupplýsingar.

Virðingarfyllst,

Steingrímur Ari Arason, forstjóri